



Til bæjarráðs,

Kópavogi, 22. mars 2021
2012220/001.02 GEF

Efni: Fífuhvammur 25. Niðurstaða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Hinn 18. mars 2021 kvað úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála upp úrskurð í máli nr. 131/2020.

Málið varðaði ákvörðun byggingarfulltrúa Kópavogs um að samþykkja umsókn um leyfi til að reisa gróðurhús, að stærð 8,1 m², á þaki bílskúrs að Fífuhvammi 25.

Úrskurðarnefndin komst að þeirri niðurstöðu að grenndaráhrif hinnar kærðu ákvörðun væri ekki þess eðlis að það raski gildi hennar og væru ekki umfram það sem íbúar í þéttbýli mættu búast við. Hafnaði úrskurðarnefndin því kröfu kæranda um að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi.

Virðingarfyllt,

Guðrún Edda Finnbogadóttir

Guðrún Edda Finnbogadóttir
Lögfræðingur